

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Samandreginn árshlutareikningur 30. júní 2009

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	3
Samandreginn rekstrarreikningur	4
Samandreginn efnahagsreikningur	5
Samandregið eiginfjárfirlit	6
Samandregið sjóðstreymi	7
Skýringar og sundurliðanir	8-14

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.
Kennitala: 580407-1100
Borgartún 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Lánveitingar og lántökur

Samþykktar lánveitingar á fyrstu sex mánuðum ársins 2009 námu 3.819 milljónum króna og útborguð lán 4.879 milljónir króna miðað við 6.278 milljónir króna á fyrri hluta ársins 2008. Töluvert var greitt út af þeim lánsheimildum sem veittar voru 2008.

Vanskil við undirritun þessa árs hlutareiknings voru engin. Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum. Sjóðurinn hefur veð í tekjum sveitarfélaga sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka og ábyrgðum sem þau veita. Ekki þurfti að grípa til veðs í tekjum á tímabilinu.

Lán þau sem sjóðurinn veitir af eigin fé sínu eru verðtryggð miðað við vísitölu neysliverðs og eru uppgreiðanleg. Vextir þeirra eru breytilegir en þeir stóðu í 4,25% út tímabilið. Endurlán eru með sömu grunnkjörum og lántökurnar að viðbættu vaxtaálagi til að standa undir kostnaði. Lánasjóðurinn hefur í gegnum tíðina ekki verið með teljandi gjaldeyris- eða vaxtaáhættu í rekstri sínum. Við hrun bankanna 2008 lokuðust gjaldeyrisvarnir sem sjóðurinn var með og er því óvarin gjaldeyrisstaða í lok tímabilsins 2.641 m.kr.

Á tímabilinu fóru fram skuldabréfaútböð á innlendum skuldabréfamarkaði til að afla fjár til endurlána að fjárhæð samtals 6.530 milljónir króna að nafnvirði. Skuldabréfin eru tekin til viðskipta í Kauphöll Íslands.

Afkoma og efnahagur

Hagnaður tímabilsins nam 586 milljónum króna miðað við 1.163 milljónir króna á sama tíma árið 2008 og var í samræmi við væntingar sjóðsins. Mikil verðbólga á fyrri helmingi árs 2008 skýrir þennan mun á afkomu milli ára þar sem stór hluti eigin fjár sjóðsins er lánaður út verðtryggt. Einnig var ávöxtun á lausu fé ágæt á tímabilinu.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings í lok tímabilsins var 68.365 milljónir króna á móti 63.956 milljónum króna í árslok 2008 sem er hækkun um 6,9%. Vöxtur útlána varð 5,7% og námu þau 63.825 milljónum króna í lok tímabilsins. Eigið fé nam 11.859 milljónum króna á móti 11.273 milljónum króna í árslok 2008 og hefur aukist um 5,2% á tímabilinu.

Vegið eiginfjárlutfall samkvæmt Basel II um eigið fé fjármálafyrirtækja er 62%.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er samandreginn árs hlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með samandreginn árs hlutareikning sjóðsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. ágúst 2009

Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður

Svanfríður Inga Jónasdóttir

Kristinn Jónasson

Jónmundur Guðmarsson

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir

Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri

Könnunarritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2009. Samandregni árs hlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árs hlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Niðurstaða

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 26. ágúst 2009

PricewaterhouseCoopers hf.

Helga Harðardóttir

Sigrún Guðmundsdóttir

Samandreginn rekstrarreikningur

	Skýr.	Árshlutauppgjör 30. júní	
		2009	2008
Vaxtatekjur og verðbætur		2.955.462.279	3.329.837.710
Vaxtagjöld og verðbætur		<u>(2.269.960.210)</u>	<u>(1.631.704.617)</u>
Hreinar vaxtatekjur	5	685.502.069	1.698.133.093
Hreinar tekjur (gjöld) veltufjáreigna		75.977.451	(122.940.625)
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindar á gangvirði	6	(64.199.120)	141.147.948
Hreinn gjaldeyrismunur	7	<u>(42.589.172)</u>	<u>(513.118.416)</u>
Aðrar rekstrartekjur (gjöld)		(30.810.841)	(494.911.093)
Hreinar rekstrartekjur		654.691.228	1.203.222.000
Laun og launatengd gjöld	8	24.203.062	11.177.481
Annar rekstrarkostnaður	9	43.910.982	28.767.770
Afskriftir	16	<u>597.814</u>	<u>597.814</u>
Almennur rekstrarkostnaður		68.711.858	40.543.065
Hagnaður tímabilsins		585.979.370	1.162.678.935
Önnur heildarafkoma		0	0
Heildarafkoma tímabilsins		<u>585.979.370</u>	<u>1.162.678.935</u>
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	10	0,12	0,23

Samandreginn efnahagsreikningur

	Skýr.	Árshlutauppgjör 30. júní	
		30.6.2009	31.12.2008
Eignir			
Sjóður og innstæður í seðlabanka	11	3.039.371.764	3.007.397.320
Kröfur á lánastofnanir	12	1.442.907.447	415.202.043
Útlán og kröfur	13	63.824.972.677	60.358.029.310
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	15	4.168.069	121.436.221
Rekstrarfjármunir	16	53.205.422	53.803.235
Aðrar eignir		209.394	519.072
Eignir samtals		<u>68.364.834.772</u>	<u>63.956.387.201</u>
Skuldir			
Verðbréfaútgáfa	17	31.505.019.144	26.309.358.267
Aðrar lántökur	18	23.441.656.722	24.716.330.480
Veltufjárskuld - afleiður	14	0	57.179.895
Skuld við sveitarfélög	19	1.500.000.000	1.500.000.000
Aðrar skuldir	20	6.385.652	46.743.648
Lífeyrisskuldbinding	21	52.408.604	53.389.631
Skuldir samtals		<u>56.505.470.122</u>	<u>52.683.001.921</u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.000.000.000	5.000.000.000
Lögbundinn varasjóður		1.250.000.000	1.250.000.000
Óráðstafað eigið fé		5.609.364.650	5.023.385.280
Eigið fé samtals	22	<u>11.859.364.650</u>	<u>11.273.385.280</u>
 Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>68.364.834.772</u></u>	<u><u>63.956.387.201</u></u>

Samandregið eiginfjárfirlit

	Hlutafé	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 2008				
Eigið fé 1. janúar 2008	5.000.000.000	1.250.000.000	3.798.011.321	10.048.011.321
Hagnaður janúar-júní 2008			1.162.678.935	1.162.678.935
Eigið fé 30. júní 2008	5.000.000.000	1.250.000.000	4.960.690.256	11.210.690.256
Hagnaður júlí-deseember 2008			62.695.024	62.695.024
Eigið fé 31. desember 2008	5.000.000.000	1.250.000.000	5.023.385.280	11.273.385.280
Breytingar á eigin fé 30. júní 2009				
Eigið fé 1. janúar 2009	5.000.000.000	1.250.000.000	5.023.385.280	11.273.385.280
Hagnaður tímabilsins			585.979.370	585.979.370
Eigið fé 30. júní 2009	5.000.000.000	1.250.000.000	5.609.364.650	11.859.364.650

Samandregið sjóðstreymi

Skýr.	Árshlutauppgjör 30. júní	
	2009	2008
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður tímabilsins	585.979.370	1.162.678.935
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	16 597.814	597.814
Afskriftir gangvirðiseigna	6 112.895.696	0
Verðbætur og gjaldeyrismunur	(170.903.726)	(1.277.551.422)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	21 (981.027)	(1.070.222)
Söluhagnaður, gangvirðisbreytingar afleiðusamninga	(34.528.068)	(364.661.097)
Aðrar eignir, lækkun	309.678	2.340.325
Aðrar skuldir, (lækkun)	(40.357.996)	(656.421)
Handbært fé frá rekstri	453.011.741	(478.322.088)
Fjárfestingarhreyfingar		
Kröfur á lánastofnanir, breyting	(760.753.671)	(2.484.696.954)
Útlán, breyting	(1.105.379.772)	863.749.453
Fjáreignir á gangvirði, breyting	4.372.456	492.082.321
	(1.861.760.987)	(1.128.865.180)
Fjármögnunarahreyfingar		
Lántaka, breyting	1.768.149.032	1.539.957.348
Afleiðusamningur, breyting	(22.651.827)	0
	1.745.497.205	1.539.957.348
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	336.747.958	(67.229.920)
Handbært fé í ársbyrjun	3.179.557.921	77.532.252
Handbært fé í lok tímabilsins	3.516.305.879	10.302.332
Fengnir vextir		
Fengnir vextir	1.423.331.431	1.273.361.618
Greiddir vextir	1.160.256.757	937.211.270

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu 78 íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánaþyrftækni, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálaþyrftækni og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og þyrftækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóður sveitarfélaga er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem eru tekin til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf. og er viðskiptavakt með hluta bréfanna.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti samandreginn árs hlutareikning sjóðsins þann 26. ágúst 2009.

Samandreginn árs hlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. hefur verið kannaður en ekki endurskoðaður af endurskoðendum sjóðsins.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samandreginn árs hlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga IAS 34, "Interim Financial Reporting". Samandreginn árs hlutareikningur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2008. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá sjóðnum eða á vef hans www.lanasjodur.is, sem og á vef NASDAQ OMX Iceland hf., www.omxnordicexchange.com.

Árs hlutareikningur er gerður í íslenskum krónum, sem er jafnframt starfsrækslugaldmiðill sjóðsins.

3. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Við gerð árs hlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings sjóðsins fyrir árið 2008 nema það sem tilgreint er hér að neðan.

Breytingar á reikningsskilastöðlum sem tóku gildi 1. janúar 2009 og hafa áhrif á árs hlutareikninginn:

IAS 1 (endurbætur) *Framsetning reikningsskila*.

Lánasjóður sveitarfélaga beitir nú endurbættum IAS 1, *Framsetning reikningsskila*, sem tók gildi 1. janúar 2009. Sjóðurinn birtir í einu yfirliti rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu. Í yfirliti um heildarafkomu eiga koma fram allar rekstrarhreyfingar sem færðar eru beint á eigið fé. Engar rekstrarhreyfingar hafa verið færðar yfir eigið fé hjá sjóðnum og hefur því ekki þurft að breyta samanburðarfjárhæðum til samræmis. Breytingin hefur því einungis áhrif á framsetningu í rekstrarreikningi.

Breytingar á reikningsskilastöðlum, lagfæringar og túlkanir við gildandi reikningsskilastaðla sem tóku gildi 1. janúar 2009 en hafa ekki áhrif á árs hlutareikninginn:

IFRS 8, *Starfsþættir*. IFRS 8 kemur í stað IAS 14 og kveður á um skiptingu starfsþátta í samræmi við innri upplýsingar IAS 23 (viðauki), *Lántökukostnaður*.

IFRS 2 (viðauki), *Eignarhlutatengd greiðsla*.

IAS 32 (viðauki), *Fjármálagerningar: Framsetning*.

IAS 39 (viðauki), *Fjármálagerningar: Skráningar og mat*.

IFRIC 13, *Tryggðarkerfi*

IFRIC 15, *Samningar í tengslum við byggingu fasteigna*.

IFRIC 16, *Áhættuvarnir vegna erlendra fjárfestinga*.

Skýringar

3. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (framhald)

Reikningsskilastaðlar, lagfæringar og túlkarnir við gildandi reikningsskilastaðla sem ekki hafa tekið gildi.

IFRS 3 (endurbætur), *Sameining félaga*. Breytingarnar hafa áhrif á ISA 27, *Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil*, IAS 28, *Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum*, ISA 31, *Fjárfestingar í samrekstri*. (Gildir frá 1. júlí 2009).

IFRIC 17, *Útdeiling eigna til eigenda sem ekki hefur áhrif á fjárstreymi*. (Gildir frá 1. júlí 2009).

IFRIC 18, *Yfirfærsla eigna frá viðskiptamönnum*. (Gildir frá 1. júlí 2009).

Sjóðurinn hefur valið að nýta sér ekki heimild til innleiðingar fyrir gildistöku. Áhrif þessara breytinga eru ekki talin viðeigandi miðað við núverandi rekstur sjóðsins.

4. Starfspáttayfirlit

Vegna eðli starfsemi Lánasjóðsins skiptist starfsemi hans ekki í starfspætti.

Skýringar

5. Hreinar vaxtatekjur

	1.1.-30.6.2009	1.1.-30.6.2008
Vaxtatekjur og verðbætur		
Útlán og kröfur	2.918.362.831	3.273.205.556
Sjóður og aðrar skammtímakröfur	23.211.364	7.154.532
Verðbréf	13.888.084	49.477.622
	<u>2.955.462.279</u>	<u>3.329.837.710</u>
Vaxtagjöld og verðbætur		
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	2.269.960.210	1.631.648.277
Önnur lántöku- og vaxtagjöld	0	56.340
	<u>2.269.960.210</u>	<u>1.631.704.617</u>
Hreinar vaxtatekjur	<u>685.502.069</u>	<u>1.698.133.093</u>

Hin mikla breyting á hreinum vaxtatekjum skýrist af hækkun vísitölu neysluverðs um 8% á fyrri helmingi árs 2008 samanborið við 3,6% hækkun á fyrri helmingi árs 2009.

6. Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindar á gangvirði

Hreinar tekjur greinast þannig:

- Skuldabréf	48.696.576	33.584.748
- Afskrift skuldabréfs útgefið af SPRON	(112.895.696)	0
- Peningamarkaðsbréf	0	107.563.200
	<u>(64.199.120)</u>	<u>141.147.948</u>

7. Hreinn gjaldeyrismunur

Útlán	962.633.277	3.927.479.232
Lántökur	(967.400.669)	(3.926.680.775)
Kröfur á lánastofnanir	(37.821.780)	(513.916.873)
	<u>(42.589.172)</u>	<u>(513.118.416)</u>

8. Laun og launatengd gjöld

Í lok tímabilsins unnu þrír starfsmenn hjá sjóðnum en á sama tímabili í fyrra var 1 starfsmaður hjá sjóðnum. Þá hefur sjóðurinn gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmsum rekstrar- og þjónustubáttum og er sá kostnaður færður meðal annars rekstrarkostnaðar.

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	20.701.575	9.425.225
Launatengd gjöld	1.473.394	680.272
Lífeyriskostnaður	2.028.093	1.071.984
	<u>24.203.062</u>	<u>11.177.481</u>

Skýringar

8. Laun og launatengd gjöld (framhald)

Laun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra greinast þannig:	1.1.-30.6.2009
Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri	7.847.688
Þorsteinn Þorsteinsson, fráfarandi framkvæmdastjóri	1.520.588
Stjórnarmenn:	
Magnús B Jónsson, stjórnarformaður	759.776
Kristinn Jónasson, varaformaður	534.462
Svanfríður Inga Jónasdóttir	388.182
Jónmundur Guðmarsson	310.782
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir	199.788
Anna Skúladóttir	160.941
	<u>2.353.931</u>

9. Annar rekstrarkostnaður

	1.1.-30.6.2009	1.1.-30.6.2008
Viðskiptavakt	12.000.000	0
Sérfræðipjónusta	9.245.610	6.951.576
Sameiginlegur skrifstofukostnaður	7.596.498	6.051.090
Skráningargjöld vegna verðbréfaútgáfu	4.086.886	1.989.772
Tölvur og tölvukerfi	2.498.209	8.188.745
Árgjöld og eftirlitsgjöld FME	2.308.000	1.896.000
Rekstur húsnæðis	1.872.072	1.611.594
Rekstrarvörur og skrifstofuáhöld	1.804.927	377.243
Gestamóttaka og risna	541.845	373.573
Ferðakostnaður	141.512	810.400
Kostnaður vegna starfsmanna	27.040	239.394
Önnur rekstrargjöld	1.788.383	278.383
	<u>43.910.982</u>	<u>28.767.770</u>

10. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut greinist þannig:	1.1.-30.6.2009	1.1.-30.6.2008
Hagnaður tímabilsins	585.979.370	1.162.678.935
Vegið meðaltal hlutafjár á tímabilinu	5.000.000.000	5.000.000.000
Hagnaður á hlut	<u>0,12</u>	<u>0,23</u>

11. Sjóður og innstæður í seðlabanka

	30.6.2009	31.12.2008
Óbundnar innstæður í Seðlabanka Íslands	<u>3.039.371.764</u>	<u>3.007.397.320</u>

12. Kröfur á lánastofnanir

	30.6.2009	31.12.2008
Bankareikningar	476.934.114	172.160.601
Peningamarkaðsbréf og bundin innlán	965.973.333	243.041.442
	<u>1.442.907.447</u>	<u>415.202.043</u>

Skýringar

13. Útlán og kröfur	30.6.2009	31.12.2008
Útlán og kröfur greinast þannig:		
Gengistryggð útlán	19.370.652.825	19.187.961.681
Verðtryggð útlán	42.236.368.644	37.649.936.470
Óverðtryggð útlán	2.217.951.208	3.520.131.159
	<u>63.824.972.677</u>	<u>60.358.029.310</u>
Útlán og kröfur greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:		
Gjaldkræfar kröfur	81.493.826	71.643.467
Til greiðslu eftir allt að 3 mánuði	3.263.298.178	3.439.833.452
Til greiðslu eftir 3 mánuði og allt að 1 ári	4.781.760.124	4.806.097.520
Til greiðslu eftir 1 ár og allt að 5 árum	22.976.024.603	22.514.233.265
Til greiðslu eftir 5 ár	32.722.395.945	29.526.221.606
	<u>63.824.972.677</u>	<u>60.358.029.310</u>

Útlán sem komin eru framyfir gjalddaga eru flokkaðar sem gjaldkræfar kröfur. Vanskil í lok júní voru 73 milljónir en 7 milljónir voru greiddar í upphafi júlí og eftirstöðvagnar, 66 milljónir, greiddar í byrjun ágúst. Engin vanskil voru útistandandi við undirritun þessa árshlutareiknings. Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi 1967 og hefur því engan afskriftareikning í bókum sínum.

14. Afleiðusamningar

Í árslok 2008 var útistandandi hlutabréfaafleiðuvalréttur sem stóð í skuld upp á 57,2 milljónir. Í maí 2009 greiddi sjóðurinn 22,7 milljónir fyrir kaup á umræddum valrétti og því bókast 34,5 milljónir til tekna vegna þessara viðskipta.

Einnig var útistandandi krafa á hendur protabús Glitnis banka hf. að fjárhæð 1.472 milljónir um áramót. Þessi krafa var færð niður í 0 í ársreikningi lánasjóðsins 2008 vegna óvissu um greiðslur frá Glitni banka hf. vegna samninganna. Kröfu var lýst í protabú Glitnis banka í júlí 2009.

15. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	30.6.2009	31.12.2008
Skuldabréf	0	112.895.696
Hlutdeildarskírteini	4.168.069	8.540.525
	<u>4.168.069</u>	<u>121.436.221</u>

Á tímabilinu var skuldabréf útgefið af SPRON fært að fullu niður í bókum sjóðsins eða sem nam 112,9 milljónum króna.

16. Rekstrarfjármunir

2008

Bókfært verð í ársbyrjun	54.998.863
Afskriftir	(1.195.628)
Bókfært verð í árslok	<u>53.803.235</u>

Bókfært verð í árslok 2008 greinist þannig:

Kostnaðarverð	59.781.371
Samsafnaðar afskriftir	(5.978.136)
Bókfært verð í árslok	<u>53.803.235</u>

2009

Bókfært verð í ársbyrjun	53.803.235
Afskriftir	(597.814)
Bókfært verð 30. júní	<u>53.205.422</u>

Bókfært verð í lok tímabilsins greinist þannig:

Kostnaðarverð	59.781.371
Samsafnaðar afskriftir	(6.575.949)
Bókfært verð 30. júní	<u>53.205.422</u>

Skýringar

17. Verðbréfaútgáfa

	Vegin meðaltals vaxtaþróenta*		Staða 30.6.2009	Gr. afborganir 1.1.-30.6.2009	Staða 31.12.2008
	2009	2008			
Óskráð skuldabr.útg., lokagj. 2013	5,00%	5,00%	81.048.310	0	76.034.438
LSS '03, lokagjalddagi 2018	5,17%	5,17%	905.888.494	72.751.081	918.095.264
LSS '04, lokagjalddagi 2019	4,08%	4,08%	1.888.018.637	0	1.773.258.844
LSS '05 3A+B, lokagjalddagi 2010	-	-	536.902.260	0	465.823.046
LSS '05-1, lokagjalddagi 2012	4,16%	4,16%	3.034.049.226	1.136.895.317	3.971.677.593
LSS '05-2, lokagjalddagi 2022	4,30%	4,30%	6.255.588.035	731.177.871	6.619.451.590
LSS '05-4, lokagjalddagi 2020	4,11%	4,11%	1.084.571.874	0	1.026.212.479
LSS 150224, lokagjalddagi 2024	5,76%	5,26%	11.954.727.992	321.181.743	5.783.995.134
LSS '08 1, lokagjalddagi 2034	5,44%	5,44%	5.764.224.316	266.224.931	5.674.809.879
			<u>31.505.019.144</u>	<u>2.528.230.943</u>	<u>26.309.358.267</u>
Til greiðslu júlí-desember 2009					1.508.091.965
Til greiðslu eftir árið 2009					29.996.927.179
					<u>31.505.019.144</u>

* Vegin meðaltals vaxtaþróenta er sett fram samkvæmt aðferð um virka vexti.

18. Aðrar lántökur

	Vegið meðaltals vaxtaálag		Staða 30.6.2009	Gr. afborganir 1.1.-30.6.2009	Staða 31.12.2008
	2009	2008			
EUR lán (EURIBOR + álag)	0,27%	0,12%	19.341.440.016	2.434.988.283	20.631.340.747
USD lán (LIBOR + álag)	0,13%	0,13%	2.697.549.445	230.850.195	2.751.136.838
ISK lán (verðtryggt)	5,76%	5,65%	<u>1.402.667.261</u>	<u>18.852.559</u>	<u>1.333.852.895</u>
			<u>23.441.656.722</u>	<u>2.684.691.037</u>	<u>24.716.330.480</u>

19. Skuld við sveitarfélög

Samkvæmt ákvæði til bráðbirgða I. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga var samþykkt á ársfundi Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2006 að eigið fé lánasjóðsins yrði fært niður um 3 milljarða króna enda uppfyllir sjóðurinn þrátt fyrir lækkunina skilyrði laga um eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja og hefur nægilegt handbært fé til að standa við skuldbindingar sínar. Ráðstöfun þessi á eigin fé lánasjóðsins til sveitarfélaganna greiddist á árunum 2007 til 2010. Þann 1. júlí 2009 voru 750 milljónir króna greiddar og eftirstöðvarnar, 750 milljónir króna, koma til greiðslu 2010.

20. Aðrar skuldir

	30.6.2009	31.12.2008
Lánardrotnar	2.597.330	5.294.265
Skuldir vegna fjármálagerninga og aðrir ógreiddir reikningar	2.238.604	41.449.383
Ógreidd launatengd gjöld	<u>1.549.718</u>	<u>0</u>
	<u>6.385.652</u>	<u>46.743.648</u>

Skýringar

21. Lífeyrisskuldbinding

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnunarinnar hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Tryggingafræðilegur útreikningur á lífeyrisskuldbindingunni er gerður einu sinni á ári. Ekki hefur verið gerður útreikningur á lífeyrisskuldbindingunni fyrir fyrstu sex mánuði ársins þar sem áætluð breyting á skuldbindingunni er talin hafa óveruleg áhrif á rekstur sjóðsins.

Lífeyrisskuldbinding greinist þannig:	30.6.2009	31.12.2008
Frá fyrra ári	53.389.631	46.540.415
Greiddur lífeyrir á tímabilinu	(981.027)	(1.914.503)
Hækkun skuldbindingar	0	8.763.719
	<u>52.408.604</u>	<u>53.389.631</u>

22. Eigið fé

Eigið fé í ársbyrjun	11.273.385.280
Hagnaður tímabilsins	585.979.370
	<u>11.859.364.650</u>

Í lok tímabilsins nemur heildarhlutfé félagsins 5.000 milljónum króna. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs.

Eigið fé 30. júní 2009 nemur 11.859 milljónum króna eða 17,3% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Í lok tímabilsins var eiginfjárhlutfall reiknað út frá Basel II 62% en var 57% í árslok 2008. Samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki má eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja ekki vera lægra en 8%.

Hlutfallið reiknast þannig:	Bókfærð staða 30.6.2009	Vegin staða 30.6.2009
Áhættugrunnur		
Bókfærðar eignir	68.364.834.772	13.110.949.516
Markaðsáhætta		3.689.493.616
Rekstraráhætta		2.188.780.000
Áhættugrunnur samtals	<u>68.364.834.772</u>	<u>18.989.223.132</u>
Eigið fé:		
Bókfært eigið fé	11.859.364.650	11.859.364.650
Eigið fé samtals	<u>11.859.364.650</u>	<u>11.859.364.650</u>
Eiginfjárhlutfall		62%

23. Venslaðir aðilar

Venslaðir aðilar sjóðsins eru skilgreindir sem sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir í eigu sveitarfélaga sem tengjast stjórn sjóðsins og sveitarfélög og fyrirtæki þeirra sem hafa marktæk áhrif sem stærstu hluthafar sjóðsins. Þessi skilgreining er byggð á IAS 24. Upplýsingar um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila eru sem hér segir:

	30.6.2009	31.12.2008
Staða í ársbyrjun.....	3.338.504.534	4.334.814.000
Ný lán.....	359.137.000	431.027.430
Afborganir lána.....	(227.100.000)	(2.946.716.006)
Aðrar breytingar.....	149.853.000	1.519.379.111
Staða í lok tímabilsins.....	<u>3.620.394.534</u>	<u>3.338.504.534</u>

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna lána til venslaðra aðila.

Engin óvenjuleg viðskipti hafa átt sér stað við venslaða aðila á tímabilinu.